Elín Hansdóttir Ásmundur Sveinsson

Uppbret/Bisruptien

Sýningarstjóri/Curator Dorothée Kirch 16.04.–9.10. 2016





Komdu með. Til upphafsins, óreiðunnar, þangað sem allt er og ekkert líka.

Come with me. To the beginning, to the chaos, where everything is, but also nothing.

Og orðið? Myndin, hugmyndin um það? Hvaðan höfum við það? Hérna, gjörðu svo vel, ákveddu þig. Sérðu? Þarna er hann: Fyrsti neistinn. Ekki vera vonsvikinn. Neistinn er ekki allt en hann er betri en ekki neitt. Veldur þér nú leið, átt burt frá óreiðunni.

Neistinn! Tölum um neistann, sem leiftrar, sem setur allt á hreyfingu. Stundum skín hann blindandi bjart. Stundum tindrar hann dauflega. Oftast er hann langt í burtu, óskýr í blámóðu fjarskans, eða eins og hillingar sem sífellt umbreytast þegar farið er í áttina til þeirra. Stundum er hann nærri, blindandi, fálegur og fráhrindandi en alltaf ráfum við í blindni í þá átt sem hann virðist fara – og lendum samt oftast á villigötum. Neistinn hefur breyst í villuljós. Heyrirðu? Hann hlær að þér. Svo stöndum við aftur á sama stað. Hvar? Hvergi, í neindinni sem við þekkjum svo vel, byrjuninni, neindinni sem er svo full af möguleikum. Aftur þarf að ná áttum, horfast í augu við sjálfan sig til að ná andanum. Og einmitt þá, þegar maður er kominn til sjálfs sín, þá sjáum við eitthvað nýtt, nýjan glampa og við stöndumst það ekki, leggjum aftur af stað, enda svo margs vísari eftir fyrra skiptið. Maður sér jú svo miklu betur. Þekkirðu tilfinninguna? Kannski er eins og það sé verið sé að toga í okkur og draga okkur í átt sem eiginlega er ekki til. Einmitt þangað. Hið ómögulega er svo miklu meira aðlaðandi. Og í þetta sinn pössum við okkur, villumst ekki, missum ekki sjónar á hinu mikilvæga og hugsum skipulega okkar gang. Við berum höfuðið hátt til að hafa fulla yfirsýn.

sem verða sífellt hærri. Við ætlum okkur líka að smíða brýr en áttirnar eru óljósar og við getum eiginlega bara hugsað hátt til að missa ekki sjónar á því sem við erum að horfa á. Og svo er snögglega komið að því. Eitthvað fær okkur til að sperra eyrun og við erum grafkyrr eftir alla ókyrrðina og lætin, og skiljum gleymskuna, sjáum myrkrið í kring og leitum að neistanum og glampanum. Þá verður okkur ljóst að við erum stödd í rammgerðu virki og skiljum að við höfum múrað okkur inni af hreinni fyrirhyggju. Þá er bara ein útleið. Það dugir ekki að ná bara áttum, það þarf meira, það þarf að brjóta niður múrana. Og það er best að ljúka sjálfur upp hyldýpinu milli virkisgarðanna og múranna. Og það er best að steypa sér í það svo þetta sé loksins frá. Hyldýpið er tryggur förunautur. Það gín í okkur öllum. Þekkirðu þitt? Einhvers staðar leynist það í okkur, hljóðlátt og lætur lítið yfir sér, en bíður eftir okkur. Svo birtist það, opnast, rifnar hratt eða gliðnar hægt og gleypir allt hið þýðingarlausa. Það byrjar á orðunum, á öfgunum, og heldur svo áfram með meinlausari blekkingar þangað til við erum aftur þar sem við byrjuðum. Veistu hvar? Núorðið þekkjum við það vel. Einmitt! Neindin.

Í þetta sinn horfum við úr neindinni út yfir víðerni óteljandi hugmynda sem orna sér letilega eins og sandkorn í sólinni, þangað til vatnsdropi og vindblær mynda mynstur í sandinum. Í dag er þó ekki að treysta á vötn og vinda. Neindin minnir heldur ekkert á sólbað. Í þetta sinn hefur hyldýpið ekki bara gleypt gjörvallt hið byggða og hugsaða heldur allt ljósið líka. Það eina sem er eftir er blindan. Kannski finnst okkur þá vænlegast að leggja hendur í skaut, gefast upp og láta sér lynda blinduna og þrúgandi kraðak möguleikanna. Kannski finnum við síður fyrir þeim ef við erum kyrr og einöngrum okkur. Kannski væri einfaldlega hægt byggja eitthvað og rífa það jafnharðan, byggja til að skynja ekki kraðakið, rífa niður þegar við stöndum andspænis hyldýpinu. Kannski væri hægt að spara sér villigöturnar með þessum hætti, og þetta reynum við nokkra stund. En þrátt fyrir dimmuna brenna okkur svört sólskin og okkur þyrstir, meir og meir þangað til þorstanum verður að svala. Samt byggjum við bara meira, stærra og betur, alltaf þremur skrefum áður en hyldýpið opnast. Svo er hægt

að reyna að svala þorstanum með óttanum, óttanum við að splundrast. Þá keppir maður við sjálfan sig, neindina og hyldýpið. Líklega hverfur þorstinn aldrei alveg, en kannski kennum við hans minna af því að við hlaupum svo hratt. Eða við kennum hans öðruvísi, finnum fyrir honum eins og þrá eftir morgundögg eða úðaregni.

Práin breytir líka leikreglunum. Hún gerir fæturna of veikburða til að hlaupa og hendurnar of máttvana til að byggja og hægt en örugglega dregur hyldýpið okkur uppi. Það opnast eins og vinur sem sjaldan lætur sjá sig en þekkir mann þó betur en maður sjálfur. Harkaleg faðmlög hans bera okkur burtu frá öllu. Við liggjum í myrkrinu, lokum augunum og í þetta sinn ákveðum við að gefa okkur einfaldlega myrkrinu og upphafinu á vald. Svo lokum við líka eyrunum og þreifum okkur fram að hljóðunum, litunum og formunum sem losna út úr neindinni. Við liggjum í silfruðu rökkri og okkur byrjar að reka nánast ómerkjanlega fyrir straumi. Þráin flæðir áfram og vaggar okkur til og frá í vætu sem minnir á kvikasilfur, fljótandi og samt óbifanleg. Hyldýpið bíður þolinmótt þangað til við vöknum og það getur aftur dregið sig saman, þangað til þess er aftur þörf, til að vekja okkur á miðjum villigötum. Svo skynjum við aftur að við erum toguð og dregin úr átt sem við rétt höfum hugmynd um en í þetta sinn látum við til leiðast og geymum sandmynstrin sem við finnum á leiðinni. Hver veit, kannski eru þau hluti af því sem málið snýst um? Hvað heldur þú?

Og svo höldum við af stað. Við sitjum og göngum samtímis Til að sjá sem víðast byrjum við að hlaða garða og reisa múra 💎 og látum okkur auk þess reka á reiðanum. Hikandi gefumst við samt ekki upp og fylgjum kallinu sem við skiljum ekki, þangað til við skynjum okkur komin mjög nálægt, í næstu nánd við það sem leitað var að, lengur en okkur rekur minni til. Þá fyrst opnum við augun og sjáum að á leiðinni hefur okkur meira að segja tekist að skapa eitthvað. Í armslengd gneistar í bjarmanum og manni verður ljóst að eiginlega má ekki ná þessum ljóma. Hann verður að vera fjarri til að skína á allt sem var tínt, grafið upp eða skapað á leiðinni. Neistarnir verða hins vegar að dropum og að lokum eru það einmitt þeir sem svala þorstanum sem við máttum þola á leiðinni. Dropi á tunguna, dropi á varirnar, dropi á eyrun og dropi á augun. Droparnir seytla burt og nýir myndast.

> Nokkru síðar erum við södd þessa augnabliks og verðum óró. Þráin er enn til staðar. Hún hefur tekið sér bólfestu djúpt í okkur, beint í hjartastað og vaggar því áfram í hægum takti. Hún hvetur okkur áfram og gerir kyrrstöðuna veika og dauflega. Og svo lítum við í kringum okkur, fram hjá bjarmanum og dropunum og uppgötvum aftur neindina í fjarska. Finnurðu það líka, þetta hægláta aðdráttarafl? Kannski hikum við, eigum erfitt með að sleppa. En þráin er komin lengra en við sjálf, hún togar hjartað út í fjarskann þangað til ekki er annað hægt en að fylgja henni. Og við höldum af stað. Fylgirðu mér enn? Í vímu upphafsins skjögrum við í myrkrinu og förum að kenna kraðaksins sem við náum ekki taki á, því að það eru einfaldlega of margir möguleikar í þessari neind. Og eftir síðustu upplifun erum við enn svo frá okkur numin að við teljum okkur eiga í fullu tré við hvaðeina, við séum nógu sterk, nógu vitur, nógu stór og nógu gáfuð til að ráða við hvaðeina. Og þá getur það gerst að við skjögrum inn í eyðimörkina, bablandi heróp með krepptum hnefum. Það er svo fyrst eftir vonbrigðin, þegar við finnum aftur tóm neindarinnar og kraðak óreiðunnar, sem við eigum kost á að finna nýjan neista sem kannski leiðir til einhvers sem leysir okkur úr læðingi. Auðvitað bara með hinum nauðsynlegu villigötum og brotlendingum. Ef til vill hittumst við aftur á leiðinni, mín væri ánægjan!

Dorothée Kirch, sýningarstjóri. Þýðing: Stefán Jónsson.

And the word? The image, the idea of it? Where does it come from? Here, please, make up your mind. See? There it is: The first spark. Don't be disappointed. The spark isn't everything, but it's better than nothing. Choose your path now, your direction, away from the chaos.

The spark! Let's talk about the spark which sets everything in motion. Sometimes it is blindingly bright. At other times it is the faintest glow. Most often it is far away, blurry in the blue distance, an ever-changing mirage. Sometimes it is close, blinding, distant and dismissive, but always we follow it blindly – even if we almost always lose our way. The spark has led us astray. Can you hear it? It laughs at us. And so we're back where we started. Where? Nowhere, in the nothingness that we know so well, the beginning, the emptiness which is so full of possibilities. You need to gather your wits, face yourself, to be able to catch your breath again. Just then, when you have regained your senses, you see something new, a new light, and you can't resist it, you head off again, having learned from your mistakes. You can see so much more. Do you know this feeling? Maybe it's like we are being pulled, being lured towards a direction which doesn't exist. That's exactly where we want to go. The lure of the impossible is so irresistible. This time we take great care, do not get lost, do not lose sight of what is important, we do this systematically. We hold our heads high to get a better view.

To rise above it all, we build walls which grow higher all the time. We also want to build bridges but the directions are so vague, we are really only able to think upwards, so as not to lose perspective. And then it finally happens. Something catches our attention, after all the action and restlessness, we sit still and understand the void, see the dark around us, searching for the spark, and the ray of light. Then we realise we are living in a mighty fort, we have walled ourselves in out of sheer foresight. There is only one way out. It's not enough to just regain our bearings, more is needed, the walls must be torn down. It is best if we ourselves open up the chasm between the walls, and best to get started right away, get it over with. The chasm is our friend. It can be found within all of us. Are you familiar with yours? It lurks somewhere within us, quiet and unassuming, waiting. And then it appears, opens up, fast or slowly, swallowing all that is meaningless. It starts with the words, the extremes and continues on with less harmful illusions until you are right back where you started. Do you know where? We have come to know this place well. Exactly! The nothingness.

This time we enjoy the view from it, across our vast ideas basking in the sun, until water and wind make a pattern in the sand. But today we can't rely on water or wind, and the nothingness looks nothing like a sunbathing spot. This time the chasm hasn't swallowed only all our ideas and constructions, but also all the light. The only thing remaining is the blindness. Maybe we feel like giving up, settling for the blindness and the oppressive weight of endless possibilities. Maybe we feel it less if we stay still and isolate ourselves. Maybe we could just build something and tear it down again, build to keep away the chaos, demolish when we stand, facing the chasm. Maybe we can keep our path straight that way, and we try this for a while. But in spite of the darkness, black suns burn us and we get increasingly thirsty, until we must quench our thirst. But we just carry on building, bigger and better buildings, always three steps ahead of the chasm. We try to quench our thirst with fear, the fear of shattering. That's how you compete with yourself, with the nothingness, with the chasm. The feeling of thirst probably never goes away for good, maybe we feel it less because we are running so fast, or we feel it differently, like a longing for morning dew and misty rain.

But the longing changes the rules of the game. It makes our feet too weak to run, our hands too weak to build, slowly the chasm catches up with us. It opens up like a rarely seen friend who knows you better than anyone. Its tough embrace carries us away from it all. We lie in the darkness, close our eyes and this time decide to simply offer ourselves to the darkness and the beginning. Then we also close our ears and feel our way to the sounds, colours and forms emanating from the nothingness. We lie in a silvery darkness and float slowly, almost imperceptibly, with the stream. The longing engulfs us and rocks us, like we are floating in mercury, liquid and unyielding at the same time. The chasm waits patiently until we wake up and it can shrink again - until it will be needed again, to light our way when we get lost. Again we sense we are being lured in a direction we hardly know of, but this time we follow, and keep the sand patterns we acquire on the way. Who knows, maybe they are one of the things this is about. What do you think?

And so we set off. We sit and walk at the same time, and simultaneously we drift. Hesitatingly we don't give up, but follow the beckoning which we don't fully understand, until we feel we are very close to what we have searched for, for longer than we can remember. First then do we open our eyes and see that on the way we managed to create something. There is a sparkling light nearby, and you realise you cannot be allowed to reach that spark. It must be kept distant, to cast a light on all that was picked up, unearthed or created on the way. The sparks, however, turn into droplets, and finally those droplets quench the thirst that consumes us on the way here. One drop on the tongue, one on the lips, one in the ears and one on the eyes. They seep away and new form in their stead.

A little later, the moment has satiated us and we start feeling restless again. The longing hasn't left us. It has settled deep within us, inside our heart, rocking it to a slow rhythm. It drives us, makes it imperative to move on. And then we look around, past the light and the drops, and re-discover the nothingness in the distance. Can you feel it too, the faint pull? Maybe we hesitate, find it hard to let go. But the longing has overtaken us, it stretches our hearts away from our bodies until we have no choice but to follow. And we set off. Are you still with me? The beginning fills us with excitement, we wander around in the dark and start feeling the chaos which we can't deal with because the nothingness is simply too rife with possibilities. And after our last experience we are so exhilarated that we feel we can take on anything; we are strong, wise, big and clever enough to deal with anything that comes our way. And so it may happen that we wander into the desert, shouting battle cries, fist raised. But not until after the disappointment when we feel the void of the nothingness and the chaos, are we able to find a new spark, which might lead to something which gets us going again, albeit with all the necessary detours and crash landings. Maybe we shall meet again on the way. It would be my pleasure!

Dorothée Kirch, Curator. Translation: Ingunn Snædal.

Hlutskipti listamanna hefur oft verið að brjóta upp gömul og stöðnuð viðhorf. Ásmundur Sveinsson (1893–1982) talaði um að fá fólk til að "vakna til meðvitundar um að það er ekki skynlausar skepnur". Elín Hansdóttir (f. 1980) segir listina eiga að "kippa undan þér fótunum og fá þig til að endurmeta fastmótaðar hugmyndir þínar". Á sýningunni Uppbrot rýnir Elín í verk Ásmundar, glímir við arfleið hans og leitar áður ókannaðra flata.

Elín og Ásmundur vinna bæði með þrívíddina, en á ólíkan hátt. Ásmundur fangar form í efni en Elín endurskilgreinir rýmið. Átökin milli nýrra verka Elínar og verka Ásmundar opna áhorfendum nýja sýn. Á milli kynslóðanna eru fjölmargir ósættanlegir þræðir sem skapa áhugaverða spennu en þar er einnig að finna kraftmikinn samhljóm.

Í verkum Elínar má finna ákveðin leik með rými og sjónhverfingar. Hún skapar aðstæður sem eiga sér óljósar hliðstæður í veruleikanum og ögrar skynjun áhorfandans. Það sem er hins vegar óumdeilanlega raunverulegt er óróleiki áhorfandans, sem jafnvel fer að vantreysta eigin skilningarvitum og upplifir svima, innilokunarkennd, uppbrot tímans.

Elín býr og starfar í Reykjavík og Berlín. Hún lærði við Listaháskóla Íslands og lauk MA námi frá Kunsthochschule Weissensee í Berlín árið 2006. Verk hennar hafa verið sýnd á samsýningum bæði í Evrópu og Afríku og á meðal einkasýninga hennar má nefna Suspension of Disbelief i KW Institute for Contemporary Art i Berlin (2015), Trace í i8 Gallery (2010) og Parallax í Listasafni Reykjavíkur (2009).

Ásmundur Sveinsson var á meðal frumkvöðla íslenskrar höggmyndalistar og er Ásmundarsafn helgað verkum hans. Verk Ásmundar spanna allt frá einföldum fígúrum yfir í óhlutbundin tákn og form. Hann sótti innblástur til íslenskrar náttúru og bókmennta en tileinkaði sér engu að síður meginstrauma alþjóðlegrar listsköpunar. Ásmundur var talsmaður uppbyggingar og mannjöfnuðar. Hann hreifst af tækninýjungum og tengjast mörg verka hans framförum á þeim sviðum.

It often falls to artists to challenge old and stagnant attitudes. Ásmundur Sveinsson (1893–1982) spoke of trying to make people "aware that they are not just mindless beasts". According to Elín Hansdóttir (b. 1980), art should "cut the ground from beneath your feet and make you re-evaluate your rigid ideas". In Disruption, Elín takes on Ásmundur's artworks, searching for new viewpoints.

Elín and Ásmundur work with perspective in different ways; he uses his material to capture the form, while she redefines the space. The contrast between Elín´s recent work and Ásmundur´s heritage opens up a new world for the viewer. Their generations are wildly incomsome powerful attributes in common.

rent theme, based on some variation of passageway confronts the viewer advancement in technology. with peculiarities of space, sound and light that have indistinct parallels in reality. What is unquestionably real, however, is the agitated attentiveness of the viewer, who may start to mistrust his or her own senses, resulting in lightheadedness, claustrophobia or disruption of temporality.

Elín lives and works in Reykjavík and Berlin. She studied in Iceland Academy of the Arts and Kunsthochschule Weissensee in Berlin completing her MA in 2006. Her work has been shown in group exhibitions in Europe and Africa, and her solo exhibitions include Suspension of Disbelief at KW Institute for Contemporary Art, Berlin (2015), Trace at i8 Gallery (2010), Parallax at the Reykjavik Art Museum (2009) and Universolo at Unosolo Project Space, Rome (2009).

Ásmundur Sveinsson was among the pioneers of Icelandic sculpture, and Ásmundarsafn is dedicated to his work. His sculptures cover everything from simple figures to abstract forms and symbols. He found inspiration in Icelandic nature and literature, but also adopted the main currents of international art. Ásmundur was a great spokesman for the development of society and equality. He admired